

Farkostur ehf
Yngvi Óttarsson
Síðumúli 34
108 Reykjavík

Reykjavík, 9. júní 2023
UST202305-089/B.S.
10.05.00

Efni: Framkvæmdaleyfi við skógrækt í landi Sveinatungu. Umsögn

Vísað er til erindis Yngva Óttarssonar dags. 8. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar ofangreinda umsókn um framkvæmdaleyfi.

Umhverfisstofnun telur að ræktunaráætlun sé að ýmsu leyti góð. Hér er verið að aðlaga skóginn að landi og hugað að ásýnd svæðisins þegar skógur fer að vaxa.

Umhverfisstofnun telur hins vegar að þarna þurfi að taka meira tillit til votlendis á svæðinu og hanna ræktun þannig að votlendinu verði ekki raskað og haft verði í huga að trjágróður hafi ekki þurrkáhrif á votlendið.

Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að á norðurhluta hluti framkvæmdasvæðisins er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd¹ og mun framkvæmdin (skógrækt og slóðagerð) eins og hún er lögð fram á uppdrætti valda raski á votlendi.

Umhverfisstofnun vill benda sveitarfélaginu á að samkvæmt lögnum ber að forðast röskun á votlendi, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Því er mikilvægt að skoða aðra valkosti fyrir skógræktina og skógræktarsvæðið sé afmarkað með tilliti til votlendisins.

Umhverfisstofnun bendir á að ef sveitarfélagið gefur út framkvæmdaleyfi sem gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta

¹ <https://serstokvernd.ni.is/>

sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruvirkni sem verða fyrir rökun.

Leiðbeiningar

Í þessu sambandi vill Umhverfisstofnun benda á nýútkomnar leiðbeiningar frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins: *Guidelines on Biodiversity-Friendly Afforestation, Reforestation and Tree Planting.*²

Hér segir m.a. á bls. 9: *“Areas to avoid – land that already has a high climate mitigation potential and/or biodiversity value. And/or land where providing ecosystem services²⁰ could be negatively affected by afforestation/reforestation. To maintain existing hydrological dynamics and remarkable habitats, the afforestation of wetlands must always be avoided.”*

Um jarðveg segir m.a. á bls. 10: *„The soil-intrinsic characteristics must always be assessed, to ensure you avoid inadequate afforestation projects and always promote biodiversity. Soil permeability, water-holding capacity, along with presence and availability of nutrients must be taken into account before tree planting.“*

Um blöndun lauftrjáa og barrtrjá segir á bls. 18: *„In general, broadleaved coniferous mixtures are more favourable to receiving a wide variety of species than pure coniferous stands.“*

Um verklag við gróðursetningu segir m.a.: bls. 23: *“ploughing operations can have negative climate mitigation impacts, due to the induced release of CO₂ following the disturbance of soils.“*

Umhverfisstofnun telur að æskilegt væri við skógrækt að taka tillit til þessara leiðbeininga þar sem hér er fjallað um mörg atriði sem að gagni gætu komið við skógrækt á Íslandi.

² https://environment.ec.europa.eu/publications/guidelines-biodiversity-friendly-afforestation-reforestation-and-tree-planting_en

Mat á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun vill vekja athygli að nýræktun skóga sem tekur til 200 ha eða stærra svæðis fellur undir B flokk, sbr. lið 1.04 skv. lögum nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum.³

Sama á við um framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B í 1. viðauka ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka. Þar af leiðandi eru allar falla allar framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. viðauka undir lögín óháð stærðarmörkum ef þær eru staðsettar á einhverju þeirra svæða sem talin eru upp í staflíðum a-f í iii. lið 2. tölul. 2. viðauka.

Þetta eru eins og kom hér fram á ofan, votlendi sem fellur undir ákvæði 61. gr. laga um náttúruvernd og vistgerðir sem njóta verndar samkvæmt Bernarsamningunum.

Því er mikilvægt að framkvæmdaraðili, Skógræktin eða sveitarfélagið hafi samband við Skipulagsstofnun og fái úr því skorið hvort að verkefnið sé tilkynningaskyld framkvæmd.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Axel Benediktsson,
sérfræðingur

³ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2021111.html>